

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir minningarsjóð Jakobínu Magnúsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 22. apríl 1975. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Jakobínu Magnúsdóttur, fædd 26. 1. 1899, dáin 7. 5. 1957.

1. gr.

Sjóðurinn heitir minningarsjóður Jakobínu Magnúsdóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Jakobínu Magnúsdóttir hjúkrunarkonu, stofnanda kvenskátastarfs á Íslandi, af systur hennar Guðrúnu Magnúsdóttur.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins var kr. 50 000.00. Sjóðnum hafa frá stofndegi borist ýmsar gjafir og einnig hefur hann verið eflur með ýmsum fjáröflunarleiðum á vegum kvenskátafélags Reykjavíkur. Sjóðurinn er nú kr. 645 889.00. Öflun fjár er nú lokið.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja skátastarf í Reykjavík og starfsemi eldri kvenskáta að mati sjóðsstjórnar hverju sinni. Höfuðstóll sjóðsins skal aldrei vera lægri en kr. 50 000.00.

5. gr.

Ákveðið er, að sjóðurinn verði undir stjórn Félags eldri kvenskáta. Skal stjórn sjóðsins skipuð þrem fulltrúum, kosnum á aðalfundi. Stjórnin er kosin til 3 ára og skiptir sjálf með sér verkum.

6. gr.

Endurskoðandi sjóðsins skal vera endurskoðandi Skátasambands Reykjavíkur.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 24. febrúar 1975.

Guðrún Magnúsdóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 128/1974, um dagvistunarheimili.

1. gr.

Við 1. mgr. 15. gr. bætist:

Með heildargólfrymi er hér átt við innanmál, þ. e. stærð innan útveggja og skilrúm reiknast ekki með í stærðarmálinu.